



Reykjavíkurborg
Velferðarsvið

Lagt fyrir 428. fund velferðarráðs 4. maí 2022
VEL22030028
RÁ/asa

Svar

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Regína Ásvaldsdóttir

Efni: Svar við fyrirspurn fulltrúa Flokks fólksins um kostnað vegna leigubílanotkunar starfsmanna velferðarsviðs 2020 og 2021

Þann 2. mars 2022 lagði fulltrúi Flokks fólksins fram í velferðarráði svohljóðandi fyrirspurn um kostnað vegna leigubílanotkunar starfsmanna velferðarsviðs 2020 og 2021:

Fulltrúi Flokks fólksins hefur óskað eftir upplýsingum um leigubílanotkun starfsmanna velferðarsviðsins og ráðsins sundurliðað eftir erindum, deildum og starfstíli á árunum 2020 og 2021. Einnig er óskað upplýsinga um hvað Reykjavíkurborg hefur greitt starfsmönnum á þessu sama tímabili í akstur á eigin bifreiðum. Reykjavíkurborg á 105 bíla og þar af 56 fólksbíla sem metnir eru á 36.365.000. Leigubílar hafa einnig verið notaðir í miklum mæli af starfssviðum Reykjavíkurborgar og allra mest á velferðarsviði. Um þetta hefur áður verið spurt og voru svör þá frekar óljós. Talað var um svokallaða "Aðra notkun á leigubílum t.d. vegna vitjana á heimili, starfsstaði eða á fundi" án nokkurrar frekari sundurliðunar. Undir þennan lið er vissulega hægt að setja eitt og annað. Svona lagað þarf að vera upp á borði og væntir Flokkur fólksins þess að svar sem berst við fyrirspurninni sem nú er lögð fram sé gegnsætt og vísað í opin gögn. Kostnaður borgarinnar vegna leigubíla nam 431 milljón króna á 8 ára tímabili fram til 2018. Kostnaðurinn hefur aukist á hverju einasta ári frá árinu 2011 og var 69 milljónir á árinu 2018. Þá vekur athygli að Reykjavíkurborg hefur greitt starfsmönnum tvo milljarða í akstur á eigin bifreiðum frá árinu 2011. Samtals um milljón á dag.

Svar:

Leigubílar eru notaðir til þess að koma starfsfólki til vinnu, á milli staða á vinnutíma og í ýmis verkefni á vegum borgarinnar. Yfirmaður hvers sviðs eða skrifstofu ákveður hvaða starfsmenn hafa aðgang að leigubílakortum frá Hreyfli. Starfsmenn skrá ferðir sínar á starfsstöð og getur yfirmaður yfirfarið tilefni hvernar ferðar. Allir reikningar fara í gegnum rafrænt samþykktarferli samkvæmt verklagsreglum Reykjavíkurborgar FÁST-LBE-024. Taflan hér að neðan sýnir yfirlit yfir kostnað vegna leigubíla á árunum 2020 og 2021 eftir þjónustubáttum. Teknir hafa verið út þeir þættir sem teljast alfarið vera kostnaður vegna notenda. Enginn kostnaður var vegna leigubílaferða velferðarráðs á árunum 2020 og 2021. Gögn velferðarsviðs bjóða ekki uppá útlistun á kostnaði með þeim hætti sem óskað er eftir. Í þessu svari er útskýrt hvað liggur að baki kostnaðar vegna leigubílaferða starfsmanna samkvæmt upplýsingum frá yfirmönnum.

Tafla 1. Leigubílakostnaður árin 2020-2021

Þjónustupáttur	2020	2021	Samtals
Búsetuúrræði*	10.553.249	9.715.211	20.268.460
Dagþjónusta*	112.445	111.686	224.131
Félagsmiðstöðvar*	411.127	210.548	621.675
Þjónustuíbúðir*	614.456	630.074	1.244.530
Stuðnings- og stoðþjónusta**	1.469.590	1.253.074	2.722.664
Stjórnsýsla, sérfræðiþjónusta og ráðgjöf***	10.437.014	7.406.051	17.843.065
Heimaþjónusta og Heimahjúkrun	1.467.000	1.239.650	2.706.650
Hjúkrunarheimili	2.260.705	2.457.837	4.718.542
Þróunarverkefni og samstarfsnet****	423.779	391.017	814.796
Önnur gjöld og ýmis úrræði*****	1.270.748	2.079.655	3.350.403
Samtals	29.020.113	25.494.803	54.514.916

* Meirihluti kostnaðar skýrist af ferðum starfsmanna utan aksturstíma almenningssamgangna

** Skammtímadvalir og vistheimili barna

*** Allar þjónustumiðstöðvar, aðalskrifstofa velferðarsviðs, Keðjan, skrifstofa barnaverndar.

**** Þróunarverkefni eru velferðartæknismiðja, rafræn þjónusta og vettvangs- og ráðgjafateymi

***** Framleiðslueldhús á Lindargötu, Unglingasmiðjan Stígur, Unglingsmiðjan Tröð, stuðningsheimil, barnaverndarúrræði, móttaka flóttafólks, sameiginlegur kostnaður þjónustumiðstöðva.

Sjá má á Töflu 1 hér að ofan að meirihluti leigubílakostnaðar liggur í búsetuúrræðum og stjórnsýslu, sérfræðiþjónustu og ráðgjöf en það skýrir um 65% af heildarkostnaði vegna leigubílanotkunar starfsmanna síðastliðinna tveggja ára.

Í búsetuúrræðum er langstærsti hluti leigubílakostnaðar vegna kjarasamningsbundinna þátta starfsmanna, þ.e. þegar starfsmenn mæta til vinnu utan aksturstíma strætó. Reksturinn greiðir leigubílakostnað fyrir starfsmenn á þeim tímum þegar strætó gengur ekki, þegar veður er slæmt og í einstaka tilfellum þegar starfsmenn komast ekki með öðrum hætti til vinnu nema með leigubíl. Undir búsetuúrræðin falla 70 sólarhrings starfsstöðvar með 833 stöðugildi á mánuði. Því má áætla að kostnaður leigubílaferða búsetuúrræða vegna hvers stöðugildis sé um 1000 kr á mánuði. Í fleiri úrræðum s.s. dagþjónustu er kostnaður í flestum tilfellum vegna starfsmanna að sækja vaktir áður en strætó hefur göngu. Í kjarasamningum kemur fram þegar vinnutími starfsmanns hefst, eða sé hann kallaður til vinnu þegar almenningssamgöngur ganga ekki, skal honum séð fyrir ferð eða greiddur ferðakostnaður. Það sama gildir um lok vinnutíma. Strætisvagnar hefja göngu sína að jafnaði frá kl. 06:30 virka daga, kl. 07:30 á laugardögum og kl. 09:30 á sunnudögum. Flestir vagnar ganga alla daga til miðnættis. Á rauðum dögum er aksturinn til u.þ.b. kl. 15:00. Því er kostnaður að mestu vegna starfsmanna sem mæta þurfa til vinnu eða í útkall utan þess tíma.

Annar stærsti liður leigubílakostnaðar er þjónustupátturinn stjórnsýsla, sérfræðiþjónusta og ráðgjöf. Undir þennan kostnaðarlið falla allar þjónustumiðstöðvar, miðlæg skrifstofa, skrifstofa Barnaverndar og Keðjan. Fjöldi stöðugilda undir þessum þjónustupætti eru um 356 á mánuði. Mestur kostnaður fellur undir þjónustumiðstöðvar eða um 75% af kostnaði undir þessum þjónustupætti. Kostnaðurinn er meðal annars vegna ráðgjafa sem fara í vitjanir, auk sálfræðinga og annarra sérfræðinga sem veita skólaþjónustu. Slíkar ferðir geta kallað á fleiri en eina ferð á milli staða á dag, þá á milli skóla eða notenda sem skýrir að hluta hærri kostnað á stöðugildi fyrir þennan þjónustupátt. Þar að auki er kostnaður vegna starfsmanna sem sækja þurfa fundi eða þurfa að ferðast á milli staða á vinnutíma. Hjúkrunarheimili og heimaþjónustan greiða einnig kostnað vegna starfsmanna sem sækja þurfa vinnu utan aksturstíma strætó, en þar eru einnig ýmis sérstök tilfelli þar sem leigubílaferðir eru nauðsynlegar. Erindi leigubílaferða geta verið fjölbreytt og skýringar á þeim eins margar og ferðirnar sjálfar.

Kostnaður vegna aksturs á eigin bílum var 98 m.kr. árið 2020 og 96,3 m.kr. árið 2021. Greiðsla vegna aksturs á eigin bílum er í flestum tilfellum greiddur til starfsmanna þegar þeir ferðast til og frá sínum vinnustað til þess að sinna verkefnum. Greiðslur vegna afnota á einkabifreiðum

starfsmanna eru samkvæmt kjarasamningum. Akstursgjald fylgir ákvörðun ferðakostnaðarnefndar ríkisins, sbr. reglur borgarráðs um aksturssamninga starfsmanna Reykjavíkurborgar.